



Sjötta smáforritið í jólaþema 2017 er stórskemmtilega myndvinnslu forritið BeFunky <https://www.befunky.com/>. BeFunky er veflægt sem og smáforrit fyrir [iOS](#) og [Android](#) tæki.

Forritið er ókeypis upp að vissu marki, ókeypis útgáfan hefur dugað mér hingað til. Öll helstu myndvinnslutól eru innbyggð og mjög auðvelt er að nota það. Hægt er að velja hvort vinna á með myndvinnslu, klippimyndir eða að hanna eitthvað alveg nýtt. Ef þú stofnar notandaáðgang og vinnur í vefvafranum þá vistast myndirnar þínar í BeFunky skýinu.

Einfalt er að vista verkefni í tölvunni eða í skýjalausn sem og að deila þeim á samfélagsmiðla.

Dæmi um notkun:

- Plaköt
- Boðskort (fermingar, afmæli, brúðkaup ...)
- Aðgöngumiðar (skólaböll, árshátíðir ...)
- Happdrættismiðar
- Auglýsingar
- Infographic
- Bréfsefni
- Nafnspjöld
- Logo
- O.fl.